

Sendu þitt póstkort í dag!

Fjárfesting í menntun

hverrar krónu virði

FJÁRFESTING Í ÞEKKINGU ER ÍSLANDI NAUÐSYNLEG.

Forsenda árangurs er að hér standi til boða samkeppnishæf laun fyrir menntun og þekkingu.

TIL AÐ NÁ ÁRANGRI VERÐUR
Ísland að vera samkeppnishæft um
menntað vinnuaf.

Til þess að svo megi verða þarf að
leiðrétta laun háskólamenntaðra.



Bandalag
háskólamanna

Skrifstofa FÍN er í
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 595-5175
Fax: 595-5179
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is
www.facebook.com

Starfsmenn á skrifstofu:

Páll Halldórsson,
formaður

Marianna H. Helgadóttir,
framkvæmdastjóri

Margrét Rafnsdóttir
Skjala- og upplýsingafulltrúi

Útgefandi:
FÍN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
1700 stk.

Prentun:
FÍN

Mynd: Myndasafn BHM

Staðan í Kjaramálum

Síðustu samningar voru gerðir í skugga hrunsins. Þeir byggðust á forskrift Samtaka atvinnulífsins og Alþýðusambandsins og einkenndust af viðleitni til að bjarga kaupmætti lægstu launa og að tryggja atvinnu til skamms tíma. Þetta var gert með krónutöluhækkunum og lágum prósentuhækkunum sem hjá millitekju fólki hafa ekki haldið í við verðlag. Þó þetta hafi verið verjandi til að byrja með geta háskólamenn ekki unað þessari stefnu lengur. Hún hefur þýtt að mat á menntun hefur rýrnað og þar með kjör háskólamanna. Afleiðingarnar birtast í fleiru en lakari kjörum. Æ fleiri háskólamenn sjá hag sínum betur borgið í öðrum löndum sem hefur skelfileg áhrif á alla þróun hér á landi og lífskjör til framtíðar. Því höfnum við að gera nýjustu samninga ASÍ/SA að okkar fyrirmynd.

Af kjaraviðræðum

Kjarasamningar félagsins við ríki, Reykjavíkurborg og Samband sveitarfélaga runnu út í lok janúar 2014. Félagið undirritaði viðræðuáætlun við alla viðsemjendur eins og lög gera ráð fyrir og kröfugerðir félagsins hafa verið afhentar viðsemjanda.

Aðildarfélag Bandalags háskólamanna (BHM) ákváðu að skipa sameiginlegar samninganefndir til að fjalla um sameiginleg mál þar á meðal launalið kjarasamninganna við ofangreinda viðsemjendur. Í samninganefndinni eiga sæti fulltrúar frá öllum aðildarfélögum. Á vegum samninganefndarinnar starfar þriggja manna viðræðunefnd sem sinnir viðræðunum. Samhliða því ræðir hvert og eitt félags beint við viðsemjendur um sérmál. Þrátt fyrir þetta fyrirkomulag þá er samningsumboðið hjá félaginu en ekki hjá BHM og það verður ekki að hendi látið nema með sérstakri ákvörðun sem lögð yrði fyrir félagsfund.

Bæði viðræðunefnd BHM og samninganefnd FÍN hafa hitt viðsemjendur sína nokkrum sinnum og fylgt kröfum sínum úr hlaði. Einu viðbrögð viðsemjendanna er að bjóða sama kjarasamningsmódel og gert var á almennum markaði. Þessu hefur viðræðunefnd BHM hafnað og FÍN hefur gert viðsemjandanum það ljóst að ástæða þess að aðildarfélögin séu saman í viðræðum sé vegna þess að þau ætli sér að ná betri samningum en en ASÍ/SA gerðu. Það þarf ekkert samflot til að landa þannig samningum.

Núverandi aðgerðir

BHM hefur staðið fyrir aðgerðum til að vekja athygli á okkar málstað og var til dæmis með vel sóttan fund í Háskólabíó, einnig hefur formaður BHM, Guðlaug Kristjánsdóttir, heimsótt vinnustaði víða um land, einnig



Pistill formanns

hefur BHM látið útbúa póstkort sem félagsmönnum gefst kostur á að senda til viðsemjanda og vekja athygli á stöðunni. Næsti viðburður BHM er fundur í Háskólabíói þann 13. mars 2014, kl:15:00 í Háskólabíói. Á þeim fundi hafa verið boðnir, Bjarni Benediktsson, fjármálaráðherra, Jón Gnarr, borgarstjóri og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ég hvet alla félagsmenn FÍN að mæta á þennan fund og sýna samstöðu.

Staðan í dag

Stjórn FÍN og trúnaðarmenn FÍN hafa hist og farið yfir stöðuna í kjaraviðræðunum. Stjórn Kjaradeilusjóðs FÍN hefur losað allt fé sjóðsins ef til verkfalla kemur, en í sjóðnum eru um 330 milljónir.

Næstu skref eru að kynna betur stöðuna meðal félagsmanna og kanna afstöðu þeirra til aðgerða til að fylgja málum eftir, þar á meðal verkfalls. Það er ljóst að eigi að nást betri samningar en gerðir voru á almennum markaði þá verður það ekki án frekari aðgerða. Hér duga ekki orðin ein!

Páll Halldórsson, formaður FÍN

Aðalfundarboð

Boðað er til aðalfundar félagsins þann 20. mars 2014, kl: 15:00, að Borgartúni 6, í fundarsalnum Ásbrú, á 3 hæð.

Dagskrá:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunar manna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Afgreiðsla umsókna um aðild að félaginu.
10. Önnur mál.

Reikningar félagsins

Ársreikningar félagsins og Kjaradeilusjóðs verða aðgengilegir á heimasíðu félagsins eigi síðar en 19. mars 2014, www.fin.is.

Tillögur að stjórn og nefndum 2014-2015

Stjórn

Tilnefning til 2 ára:

Formaður FÍN:

Páll Halldórsson, Félagi íslenskra náttúrufræðinga

Formaður ráðgjafarnefndar:

Trausti Baldursson, Náttúrufræðistofnun Íslands

Meðstjórn:

Svava S. Steinarsdóttir, Reykjavíkurborg

Sigurður Garðar Kristinsson, ÍSOR

Lilja Grétarsdóttir, Reykjavíkurborg

Louise le Roux, Íslenskri erfðagreiningu

Agnes Eydal, Hafrannsóknarstofnuninni

Kristín Hermannsdóttir, Náttúrustofu Suðausturlands

Haraldur Rafn Ingvason, Náttúrufræðistofu Kópavogs

Guðmundur Víðir Helgason

Sitja frá fyrra ári:

Varaformaður FÍN:

Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítala - Blóðbanka

Fulltrúi trúnaðarmanna:

Kosinn af trúnaðarmönnum FÍN á fyrsta fundi trúnaðarmanna eftir aðalfund:

Núverandi fulltrúi: Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg,

Meðstjórn:

Guðmundur Jóhannesson, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Póroddur Fr. Póroddsson, Skipulagsstofnun

Rakel Júlía Sigursteinsdóttir, Actavis

Vala Friðriksdóttir, Tilraunastöð HÍ í meinafræðum að Keldum

Þorsteinn Narfason, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis

Ólafur Eggertsson, Skógrækt ríkisins

Stefanía Bjarnarson, Landspítala - Ónæmisfræðideild

Erla Hrönn Geirsdóttir, nemi



Tillögur að stjórn og nefndum 2014-2015

Stjórn Kjaradeilusjóðs

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmaður: Guðmundur Guðjónsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, formaður

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Kristjana Bjarnadóttir, Landspítala - Blóðbanka

Puríður Pétursdóttir

Í stjórn Kjaradeilusjóðs sitja*:

Aðalmenn:

Formaður FÍN

Gjaldkeri FÍN

Varamenn:

Varaformaður FÍN

Ritari FÍN

* Skipað er í ofangreind embætti á fyrsta á stjórnarfundum FÍN eftir aðalfund.

Skóðunarmenn reikninga

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmaður: Einar Torfason, Landspítala - Veirudeild

Varamaður: Björn Harðarson, Landspítala - Blóðbanka

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmaður: Friðþjófur Árnason, Veiðimálastofnun

Varamaður: Járngerður Grétarsdóttir, Landbúnaðarháskóla Íslands



Tillögur að stjórn og nefndum 2014-2015

Siðanefnd

Tilnefning til 2 ára:

Aðalmenn:

Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Reykjavíkurborg

Steinunn Jakobsdóttir

Ægir Þór Þórsson, Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Varamaður: NN

Sitja frá fyrra ári:

Aðalmenn:

Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi

Jóna Freysdóttir, Landspítala

Ákvörðun félagsgjalds

Stjórn félagsins mun ekki leggja til breytingu á félagsgjaldi félagsmanna.

- Félagsgjald á opinbera markaðinum er 1% af dagvinnulaunum
- Félagsgjald á almenna markaðinum er 0,7% af heildarlaunum, að hámarki 7.000 kr.

Stjórnskipaðar nefndir

Stjórn félagsins mun á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund skipa í stjórnir og nefndir sem starfa á starfsárinu og eru upplýsingar um hverjir sitja í stjórnnum og nefndum félagsins aðgengilegar á vefsíðu félagsins

www.fin.is/um-felagid/stjorn-/

Tillögur að lagabreytingum

Núverandi 4. gr.

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og lögð fyrir stjórn þess, ásamt afriti af prófskírteini. Stjórnin getur veitt bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Stjórnin skipar menntanefnd sér til ráðuneytis við mat á umsóknum og setur aðalfundur nefndinni matsreglur. Geti vafi leikið á því að umsækjandi fullnægi skilyrðum skv. 3. gr. skal umsóknin lögð fyrir menntanefnd til umsagnar. Í undantekningartilvikum er stjórn, að fenginni umsögn menntanefndar, heimilt að víkja frá skilyrðum a)-liðar 3. gr. um Bachelor-próf, enda hafi umsækjandi langa og krefjandi fagreyntu á sviði náttúrufræða, arkitektúr eða öðrum tengdum greinum. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta aðalfund til endanlegrar afgreiðslu.

Tillaga að breytingum á 4. gr.

Beiðni um aðild að félaginu skal vera skrifleg og send félaginu ásamt afriti af prófskírteini. Framkvæmdastjóri veitir bráðabirgðaaðild að félaginu með fullum félagsréttindum. Vafaatriði eru borin undir framkvæmdastjórn. Stjórn félagsins skipar menntanefnd sem metur erlenda skóla og prófskírteini. Allar umsóknir skulu lagðar fyrir næsta stjórnarfund til endanlegrar afgreiðslu. Stjórn getur veitt undanþágu frá grein 3. ef umsækjandi er með Bachelor-próf.

Núverandi 5. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmaður sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunar manna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Afgreiðsla umsókna um aðild að félaginu.
10. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti. Þá er stjórn félagsins skyld að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.



Tillögur að lagabreytingum

Tillaga að breytingum á 5. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda eigi síðar en í mars ár hvert og skal hann boðaður öllum félagsmönnum bréflega með a.m.k. viku fyrirvara. Dagskrá skal tilgreind í fundarboði. Aðalfundur er lögmætur sé löglega til hans boðað.

Sérstök verkefni aðalfundar eru:

1. Formaður flytur skýrslu stjórnar um félagsstarfið á liðnu starfsári.
2. Lagðir fram endurskoðaðir ársreikningar félagsins og sjóða þess með áritun skoðunar manna reikninga.
3. Tillögur um lagabreytingar.
4. Ákvörðun um félagsgjöld.
5. Stjórnarkjör.
6. Kosning skoðunarmanna reikninga.
7. Kosning í stjórn kjaradeilusjóðs.
8. Kosning siðanefndar.
9. Önnur mál.

Aðra félagsfundi skal halda þegar stjórn félagsins sér ástæðu til og skulu þeir boðaðir með tryggilegum hætti. Þá er stjórn félagsins skylt að boða til félagsfundar ef a.m.k. 30 fullgildir félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skal boðað til hans með sama hætti og gildir um aðalfundi.

Könnun - Gæludýrahald í orlofshúsum FJN



Félagið stóð fyrir tveimur könnunum í byrjun árs um viðhorf félagsmanna til þess að leyfa gæludýr í sumarhúsum FJN, Fullsæl og Skógarkoti. Niðurstaðan er sú að rúmlega 50% félagsmanna vilja ekki leyfa gæludýr í sumarhúsum félagsins.

Fyrri könnunin var send út til félagsmanna sem höfðu nýtt sér húsin sl. 2 ár. Alls svöruðu 53 félagsmenn þeirri könnun og 66% þeirra áttu ekki gæludýr. Alls vildu 54,7% ekki leyfa gæludýr í sumarhúsum FJN. Af þeim sem svöruðu og vildu leyfa gæludýr í sumarhúsunum vildu 35,9% vildu leyfa gæludýrahald í báðum húsunum og 9,5% svarenda vildu aðeins leyfa gæludýr í öðru húsinu, þ.e. 7,6% vildu aðeins leyfa gæludýr í Skógarkoti og 1,9% vildi aðeins leyfa gæludýr í Fullsæl.

Seinni könnunin var send til allra félagsmanna FJN. Alls svöruðu þeirri könnun 398 félagsmenn. Af þeim sem svöruðu höfðu 76,1% ekki notað sumarhúsin sl. 2 ár og alls áttu 41,7% svarenda gæludýr. Alls vildu 52,5% svarenda ekki leyfa gæludýr í sumarhúsunum. Af þeim sem svöruðu og vildu leyfa gæludýr í sumarhúsunum vildu 38,6% leyfa gæludýr í báðum húsunum og 8,9% vildi aðeins leyfa gæludýr í öðru húsinu, þ.e. 6,1% vildu aðeins leyfa gæludýr í Skógarkoti og 2,8% vildu aðeins leyfa gæludýr í Fullsæl.

Sumarhús félagsins

Félagsmenn geta í ár sótt um dvöl í fjórum sumarhúsum FÍN. Hér fyrir neðan eru upplýsingar um húsin og við bendum á að fleiri myndir af húsunum og nánari upplýsingar um þau og næsta nágrenni eru aðgengilegar á vefsíðu FÍN: www.fin.is/sjodir-og-styrkir/orlofssjodur-fin-og-bhm/orlofshus/ og á Facebooksíðu félagsins. Umsóknareyðublöð eru aðgengileg á vefsíðu FÍN og einnig í þessu fréttabréfi. Umsóknarfrestur um sumarhús í sumar er til 1. apríl nk. en umsóknarfrestur um sumarhús um páskana er til 21. mars nk.

Skógarkot í Borgarfirði

Skógarkot er mjög rúmgott timburhús í Norðtunguskógi u.þ.b. 2 km ofan við bæinn Norðtúngu í Þverárhlíð í Borgarfirði. Skógarkot stendur eitt og sér í þéttvöxnum skógi.



Húsið er það stórt að það rúmar vel 2 - 3 fjölskyldur. Í húsinu er tvö svefnherbergi á jarðhæð. Tvíbreitt rúmi er í öðru herberginu og rúm sem er ein og hálf breidd í hinu herberginu. Á efri hæð eru tvö svefnloft með samtals sjö rúmum (4+3+1) og eitt herbergi með einu rúmi. Auk þess eru í húsinu tvær aukadýnur, tvö samanbrotin barnarúm og barnastóll. Á neðri hæð er rúmgóð stofa, borðstofa, eldhús, baðherbergi og sturta, geymsla og þvottahús með bakinnangi. Í eldhúsinu er eldavél, ísskápur, örbylgjuofn og borðbúnaður fyrir a.m.k. 18 manns. Sængur og koddar eru fyrir 14 en gestir þurfa að taka með sér allt lín. Í bústaðnum er sjónvarp ásamt

DVD spilara og útvarp með geislasplara. Gasgrill er á staðnum. Við húsið er góð verönd með útihúsgögnum og heitum potti. Ein róla og sandkassi til staðar fyrir börnin, ásamt fötum og skóflum.

Vikuleiga kr. 30.000

Fullsæll í Biskupstungum

Fullsæll er lítið sumarhús í landi Syðri-Reykja í Biskupstungum og er ca 45 fermetrar án svefnlofts.

Í húsinu eru tvö svefnherbergi annað með tvíbreiðu rúmi en hitt með koju (þ.e. rúm og hákoja), baðherbergi með sturtu, stofa með svefnsofa, eldhúskrókur með eldavél og ísskáp. Í húsinu er samanbrotið barnarúm og barnastóll. Sængur og koddar eru fyrir sex en gestir þurfa að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 10 manns. Útvarp og sjóvarp er á staðnum og einnig gasgrill. Stór verönd er við húsið ásamt heitum potti og þá eru góðar rólur og sandkassi til staðar fyrir börn.



Heimilt er að veiða í ánni Fullsæl sem rennur fyrir neðan húsið og er veiðigjaldið innifalið í leigunni.


Vikuleiga kr. 23.000



Sumarkús félagsins

Flókalundur á Barðaströnd

Orlofsbyggðin í Flókalundi í Vatnsfirði á Barðaströnd er friðlýst svæði og rómað fyrir náttúru-
fegurð.



Húsið skiptist í forstofu, stofu, baðherbergi með sturtu, eldhúskrók með eldavél og ísskáp, hjónaherbergi og herbergi með svefnstæðum fyrir þrjá. Barnarúm er hægt að fá hjá umsónum sem staðsett er í húsi hjá sundlauginni.

Almennur borðbúnaður er fyrir 6-8 manns og sængur fyrir sex. Eldavél er með 2 hellum og ofni. Einnig örbylgjuofn, sjónvarp og útvarp í húsinu. Dvalargestir þurfa að koma með lín, handklæði og viskustykki með sér. Kolagrill er á staðnum. Í orlofsbyggðinni Flókalundi er

sundlaug með heitum potti og krakkapotti.

Vikuleiga kr. 25.000

Blöndalsbúð í Eyjólfstaðaskógi

Blöndalsbúð er vel staðsett hús í Eyjólfstaðaskógi á Héraði, stendur eitt og sér fjarri öðrum húsum. Húsið er ekki langt frá Einarstöðum eða um 11 km innan við Egilsstaði í átt að Hallormsstað.

Í risi er hjónaherbergi ásamt svefnlofti sem er með einu rúmi og plássi fyrir nokkrar dýnur. Á fyrstu hæð er stofa með svefn-sófa, eldhús og baðherbergi. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Gestir verða að hafa með sér allt lín. Borðbúnaður er fyrir a.m.k. 8 manns. Húsið er kynnt með rafmagni en einnig má nota viðarofn sem fóðraður er með birkibútum sem er að finna í viðarskýli við húsið. Rúmgóður útipallur og grasflöt er við húsið og skógur með göngustígum innan um birki og greni. Í húsinu er sjónvarp og útvarp með geislaspilara. Kolagrill er á staðnum. Enginn heitur pottur er við húsið og næsta sundlaug er á Hallormsstað.



Vikuleiga kr . 34.000

Umsóknareyðublað um orlofshús

Páskar

Nafn:	
Heimili:	Póstnúmer:
Kennitala:	Heimasími:
Vinnustaður:	Sími: Netfang:
Hve oft úthlutað áður yfir sumartíma:	Prófaldur: <i>(BSc útskriftarár)</i>

Umsóknarfrestur er til og með 21. mars 2014

Ég óska eftir dvöl um páskana í sumarhúsi FÍN í:

(merkið X í grúa reitinn)

Skógarkoti	Fullsæl
Húsið er staðsett í Norðtunguskógi í Borgarfirði og rúmar húsið allt að 14-16 manns.	Húsið er austan við Laugavatn, í landi Syðri Reykja og rúmar húsið 4-6 manns.
	
Vikan kr. 30.000	Páskavikan kr. 23.000
16.- 23.apríl	16. -23. apríl

**Félag íslenskra náttúrufræðinga
v/páskaúthlutunar
Borgartúni 6
105 Reykjavík**

Frímerki

**Einnig er hægt að senda umsóknina í tölvupósti á
Netfangið fin@bhm.is**

**Eða að senda hana með faxi á
595-5179**

UMSÓKN ÞARF AÐ SENDA EIGI SÍÐAR EN 21. MARS 2014

Umsóknareyðublað um orlofshús

Nafn:	
Heimili:	Póstnúmer:
Kennitala:	Heimasími:
Vinnustaður:	Sími: Netfang:
Hve oft úthlutað áður yfir sumartíma:	Prófaldur: (BSc útskriftarár)

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2014

Ég óska eftir dvöl í sumar í sumarhúsi FÍN í

Merktu 1, 2, 3 o.s.frv. Í gráu reitina (ekki X) við alla valkosti sem möguleiki er á að nýta, í gráu reitina þannig að 1 er besti valkostur. Mælt er með að merkt sé við fleiri en einn valkost til að auka líkur á úthlutun.

Skógarkoti Vikuleiga: 30.000 kr.		Fullsæl Vikuleiga: 23.000 kr.		Flókalundi Vikuleiga: 25.000 kr.		Blöndalsbúð Vikuleiga: 34.000 kr.	
<input type="checkbox"/>	30.maí-6.jún.	<input type="checkbox"/>	30.maí-6.jún.	<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	
<input type="checkbox"/>	06.06.-13.06.	<input type="checkbox"/>	06.06.-13.06.	<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	
<input type="checkbox"/>	13.06.-20.06.	<input type="checkbox"/>	13.06.-20.06.	<input type="checkbox"/>		<input type="checkbox"/>	
<input type="checkbox"/>	20.06.-27.06.			<input type="checkbox"/>	20.jún.-27.jún.	<input type="checkbox"/>	
<input type="checkbox"/>	27.jún.-4.júl.			<input type="checkbox"/>	27.jún.-4.júl.	<input type="checkbox"/>	
<input type="checkbox"/>	04.07.-11.07.			<input type="checkbox"/>	04.07.-11.07.	<input type="checkbox"/>	4.júl.-11.júl
<input type="checkbox"/>	11.07.-18.07.			<input type="checkbox"/>	11.07.-18.07.	<input type="checkbox"/>	11.07.-18.07
<input type="checkbox"/>	18.07.-25.07.			<input type="checkbox"/>	18.07.-25.07.	<input type="checkbox"/>	18.07.-25.07.
<input type="checkbox"/>	25.júl.-1.ágú.			<input type="checkbox"/>	25.júl.-1.ágú.	<input type="checkbox"/>	25.júl.-1.ágú.
<input type="checkbox"/>	01.08.-8.08.			<input type="checkbox"/>	01.08.-8.08	<input type="checkbox"/>	1.08.-8.08
<input type="checkbox"/>	8.08.-15.08.			<input type="checkbox"/>	8.ágú-15.ágú.	<input type="checkbox"/>	
<input type="checkbox"/>	15.08.-22.08.			<input type="checkbox"/>	15.08.-22.08.	<input type="checkbox"/>	
<input type="checkbox"/>	22.08.-29.08			<input type="checkbox"/>	22.08.-29.08.	<input type="checkbox"/>	

**Félag íslenskra náttúrufræðinga
v/sumarúthlutunar
Borgartúni 6
105 Reykjavík**

Frímerki

**Einnig er hægt að senda umsóknina í tölvupósti á
Netfangið fin@bhm.is**

**Eða að senda hana með faxi á
595-5179**

UMSÓKN ÞARF AÐ SENDA EIGI SÍÐAR EN 1. APRÍL 2014

Tilkyrningar frá félaginu

Sjúkra- og styrktarsjóður BHM Breyttar reglur!

Við hvetjum félagsmenn okkar til að kynna sér reglur Sjúkra- og Styrktarsjóðs BHM en nýjar reglur hafa tekið gildi frá og með 1. janúar 2014 og mögulega hefur bæði reglum sjóðanna og einstökum fjárhæðum styrkja verið breytt. Reglur sjóðanna eru aðgengilega á heimasíðu BHM: www.bhm.is/styrkir-og-sjodir/ Umsóknir um styrki fara í gegnum *Mínar síður*: www.bhm.is/minar-sidur

Kynningarmyndband félagsins

FÍN hefur látið útbúa kynningarmyndband um félagið bæði á ensku og íslensku, endilega komið kynningarmyndbandinu í dreifingu á ykkar vinnustað. Á vefsíðu félagsins er kynningarmyndbandið aðgengilegt félagsmönnum: www.fin.is/um-felagid/kynningarmyndband

Atvinnulausir félagsmenn

Atvinnulausir félagsmenn geta fengið styrk frá félaginu, allt að 200 þúsund krónur á ári, þ.e. 100 þúsund krónur á fyrri hluta ársins og á seinni hluta ársins. Félagsmenn geta notað þennan styrk til að greiða fyrir námskeið, fengið greiddan styrk vegna greinaskrifa eða til annarra verka. Tilgangur þessara styrkja er að hvetja félagsmenn áfram og halda þeim virkum. Einnig geta atvinnulausir félagsmenn sem hafa verið án atvinnu í um 12 mánuði fengið gjafabréf hjá Líf og sál, en félagið hefur gert samning við þá um að aðstoða félagsmenn. Um er að ræða 6 viðtöl sem hafa það að markmiði m.a. að leiða félagsmenn í gegnum það hvernig sé best að takast á við atvinnuleysi, farið er yfir ferilskrána, hvernig á að koma sér á framfæri, s.s. hvernig eigi að skrifa kynningarbréf og hvernig eigi að hegða sér í viðtölum.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér úrræðin sem í boði eru á vefsíðu FÍN: www.fin.is/sjodir-og-styrkir/atvinnuleitendur/ og að panta viðtalstíma hjá framkvæmdastjóra eða formanni í síma 595-5175 eða senda tölvupóst á netfangið fin@bhm.is.

Vantar þig fleiri póstkort?

Fáðu póstkort hjá næsta trúnaðarmanni FÍN eða hafðu samband við skrifstofu FÍN um netfangið fin@bhm.is ef þig vantar póstkort og við sendum þér nokkur um hæl.

Berist til:

*Þekkingin er framtíðin
og framtíðin er núna!*

Samræðufundur

BHM og viðsemjenda

Í Háskólabíói 13. mars kl. 15:00-16:30

Fjölmennum og sýnum samstöðu



Hægt verður að fylgjast með fundinum á bhm.is

Aðalfundur

**Félag íslenskra náttúrufræðinga
heldur aðalfund félagsins þann
20. mars, nk. kl: 15:00 að Borgartúni 6.**

**Á dagskrá eru hefðbundin
aðalfundarstörf.**



Kjarakönnun BHM – Taktu þátt!

BHM, heildarsamtök háskólamenntaðra á vinnumarkaði, gangast nú í annað sinn fyrir rafrænni kjarakönnun sem ætlað er að gefa yfirgripsmikla mynd af kjaramálum félagsmanna. Í aðdraganda kjaraviðræðna hefur notagildi fyrstu kjarakönnunar sannað sig svo um munar, enda vakti góð þátttaka í henni verðskuldaða athygli. Félagsmenn eru eindregið hvattir til að taka þátt í þessari árlegu könnun og leggja þannig sitt af mörkum til að markmið hennar nái fram að ganga. Beiðni um þátttöku mun berast félagsmönnum í tölvupósti í þessari viku, en það er rannsóknarfyrirtækið Maskína sem sér um framkvæmd könnunarinnar. Rétt er að ítreka að farið verður með öll gögn sem trúnaðarupplýsingar.

Allar frekari upplýsingar veitir Bandalag háskólamanna um netfangið: bhm@bhm.is.